4 ór

# Viljinn

Lestrarfélags blað í Miklabæjarsókn

4. árgangur.

2. blað.

Útgefendur þessa blaðs
Gísli Björnsson. Jóh. Jensson

L. G. 29. des. 1901.

# Skrá yfir inntekt fasteignamanna í Akrahrepp ár 1901.

| | Kr | ør |
|---|---|---|
| Gísli Þorláksson Frostastöðum | 392, | 00 |
| Jón Jónasson Flugumýri | 343, | 00 |
| Stefán Sveinsson Uppsölum | 121, | 00 |
| Þorkell Pálsson Tungukoti | 112, | 00 |
| Oddur Einarsson Tyrfingsst. | 102, | 00 |
| Egill Steingrímsson Merkigil | 263, | 00 |
| Ólafur Hallgrímsson Kúskerpi | 73, | 00 |
| Sigurður Sigurðsson Víðivöllum | 73, | 00 |
| Stefán Sigurðsson Þverá | 141, | 00 |
| Sigtr. Jónatansson Framnes | 202, | 00 |
| Herdís Pálmadóttir Stokkhólma | 51, | 00 |
| Valdimar Jónsson Djúpadal | 296, | 00 |
| mad. Þóra Sigurðard. Miðsitju | 149, | 00 |
| Gísli eldri Sigurðsson Víðivöllum | 188, | 00 |
| Helga Sigurðardóttir sama st. | 95, | 00 |
| Þuríður eldri Jónsdóttir Miðhús | 59, | 00 |

Þessir sem hér eru taldir hafa allir eins og sjá má 50 kr inntekt og þar yfir og verða því allir að gjalda skatt. Skatturinn er 2 kr af hverjum 50 kr og að tiltölu af meira. Fleiri en þessir sem hér eru taldir eru og fasteignamenn en fasteign þeirra er svo lítil að inntekt af henni nemur eigi 50 kr og eru þeir því lausir við skattinn, inntekt þeirra mun vera sem næst því að ná 40 kr og af og frá hér er og menn eptir.

Eyjólfur Stefánsson Ytribrekkur
Daníel Arason Mikley
Jóhann Jónsson Vaglagerði
Gestur Jónsson Stekkjarflötum.
Jón Jónsson Gilsbakka
Hallgrímur Friðriksson Úlfsstaðakoti.

Hverjar 40 kr í inntekt er talið jafngilda 1. lausafjár hundraði og er því lagt jafnt á það til sveitar þarfa, en bæði mér og mörgum öðrum, finnst of lítið lagt á inntektina í samanburði við lausafé sem oft og tíðum er meira og minna

í skuld, mér sýnist mátulegt, að 25 kr væru á móti hundraðinu

Eins og sjá má hér að framan er inntekt sumra manna töluvert mikil og er það gleðilegur vottur þess, að Akrahrepps menn eru ekki allir á hverfandi höfðinu í fjárhagslegu tilliti, þótt hinir séu að vísu miklu fleiri sem mega heita öreiga menn og þegar fasteigna mennirnir eru frá gegnir eru mjög svo fáir af hinum sem hægt er að segja að standi sig mjög vel eða hafi mikil bú, helstur þeirra manna er Gunnar bóndi Björnsson á Úlfsstöðum og ber hann svipað svalar útsvar eins og hinir efnaðri fasteigna menn, enn fremur er presturinn Björn Jónsson á Miklabæ er ber hátt útsvar en hann hefur líka um 600 kr í hreinar tekjur af embætti sínu og töluvert mikið bú, en aftur á móti afar þungt hús.

Gísli Björnsson

# Hverjar helstu þarfir hreppsins í haust voru þessar:

| | | Kr | au |
|---|---|---|---|
| 1. | með þessum ómögum var lagt | | |
| | Þorleif Andresd. Brekkukoti | 40, | 00 |
| | Árni Gíslason Bjarnastöðum | 50, | 00 |
| | Valdimar Sigvaldason Uppsölum | 50, | 00 |
| | Margrét Sveinsdóttir Silfrastöðum | 75, | 00 |
| | Ingibjörg Jónsdóttir Keldulandi | 80, | 00 |
| | Guðrún Antonsdóttir Merkigili | 70, | 00 |
| | Guðmundur Andresson Litladal | 40, | 00 |
| | Guðrún Andresd. Stokkhólma | 40, | 00 |
| | Sigurlög samastað | 15, | 00 |
| | Sigurrós Sigurðard. Víðivöllum | 30, | 00 |
| | Sigurlög Stapa | 20, | 00 |
| | Börn í Neðra ási í Hjaltad. | 35, | 00 |
| | Sigfríður Steinarsdóttir Landakr | 273, | 75 |
| 2. | Sýslusjóðsgjald á allt | 817, | 00 |
| 3. | Refa eyðing (eytrun grenjal. grenavinnsla) | 100, | 00 |
| 4. | Sveitarstjórn (laun fundarhöld o fl.) | 110, | 00 |
| 5 | Ýmisleg gjöld | 200, | 00 |
| 6 | Skuld hreppsins á allt | 150, | 00 |

Það er að gætandi að þessar
hrepps þarfir eru að mestu leyti
áætlanir sem geta ýmist stigið
upp eða niður eptir kringumstæðum
nema ómaga meðlögin og er því
ekki hægt að segja með vissu hvað
þær séu miklar. Helstu tekjur
hreppsins eru, tíundirnar, aukaútsvörin
og hundaskattarnir, er kemur ár lega
uppí sýslusjóðsgjöldin og er all oplast um
120 Kr.

Eg hefi nú í fám orðum minnst
á hið helsta er hreppnum viðvíkur
og vona eg að flestir geti nokkuð glöggvað
sig á því og séð hvernig ástandið er
En þar að auki eru ýmsir aðrir reikn-
ingar er hreppnum koma við svo sem
Afréttar kaupið og hreppa fyrirstaðan
og er hvortveggja alveg frá skilið frá
hreppsreikningnum. Í afréttar kaupinu
borgar nú hreppsjóður dálítinn deil fyrir

jarðir þær, hvar ábúendurnir höfðu eigi
lyst á að ganga að hinum viðfeldnu kjörum
sem þeim voru boðin!
Fyrirstöðugjaldið, þar með talinn girðinga
kostnaður, er árlega jafnað niður á þau
hross sem sagt er að gangi á afréttinni
það og það sumarið, en sú tala er
aðeins byggð á samsögli manna, sem
ekki kemur meir fram en hæfi en það
að full þörf er nú orðin á að talið
væri það er til afréttar er rekið, af einhverj
um skilvísum manni svo engin undan
brögð geti átt sér stað, því það er nokkuð
þreytandi að þurfa jafna því gjaldi
niður, þar sem maður veit fyrir víst að
sumir telja hvert hross er þeim til heyrir
en hefur aptur fulla ástæðu til að halda
það að aðrir telji um helming af sínum
Mál þetta kemur líklega til umtals á fundi
í vetur. Gísli Björnsson

# Ungafólkið á lestrarfélags

fundunum þyrfti að herða upp hugann
og halda tölur við og við þótt stuttar
væri, því það er ógjörningur að það tali
aldrei, því bæði hlýtur því að leiðast
það og fylgir ekki eins vel með málefni því
er verið er að ræða, eins og ef það tæki
ofurlítinn þátt í því. Ég veit það vel
að það á bágt með það í fyrstu vegna
þess að það brestur einurð til þess, en
ég get fullvissað það um, að engum
almennilegur maður tekur til þess þótt
því farist ekki fimlega í fyrstu
en með æfingunni liðkast maður
fljótt og getur svo farið að sá sem er
stirður að tala í fyrstu, verði svo með
tímanum, að hann geti talist all snjall
ræðumaður. Bara að hafa kjark og
láta sér standa á sama, þá er allt
búið með það og ef því einu sinni

er búið að gjöra tilraun með að
tala, verður það léttara í næsta skipti
Auðvitað verður hver og einn að velja
sér þægilegt málefni í fyrstu, því það
léttir mikið fyrir og maður á miklu
hægra með að segja eitthvað sé málefnið
auðvelt. Það ætti annars að vera
regla hjá lestrarfélagsmönnum bæði körlum
og konum, að tala að minnsta kosti einu
sinni í hverju máli sem fyrir kemur
með því getur fundirnir orðið fjörugir
og skemmtilegir, enn eru annars
daufir og leiðinlegir ef látið er reka.
Ungafólk, látið nú sjá ~~að~~ á næsta
fundi að þið séuð ekki þrekklausir
aumingjar sem hvorki ~~að~~ þora að anza
né skramba þegar einhverjir hæða
til, því það er miklu leiðinlegra fyrir
ykkur að þegja, heldur en segja eitthvað
þótt illa til takist. G. B.

## Ritgjörðir í næsta blað

sendist eigi til okkar undirritaðra heldur til séra Bjarnar eða Gísla Sigurðss. á Víðivöllum, því við höfum nú enst út vorn tíma og lokið voru ætlunarverki, þótt margt meigi að því finna en við höfum oss það til afsökunar að við höfum lítið verið styktir með það og getum líka þar af leiðandi sparað þakklæti vort til annara sem í sjálfu sér er að vísu gott því fáir munu vera ofbirgir af því.

Vér óskum svo Viljanum góðrar og gleðilegrar framtíðar í höndum eptirrennara vorra og getur það verið að við gleymum honum eigi, þótt hann sé kominn undan vorri umsjá.

Gísli Björnsson Jóh. Jónsson

Undarlegur þeinkimáti er það sem sumir menn hafa, þeir setja sig þvert uppá móti öllu því er til umbóta og ~~fr~~ framfara heyrir ef það í uppbafi kostar nokkrar krónur, þótt það liggi opt ljóst fyrir að það margborgar sig með tímanum þeir vilja spara hvern eyri til opinberra þarfa, svo opinberu gjöldin verða svo lítil að engar verulegar umbætur er hægt með þeim að vinna og verða því ekki eins að berandi eins og hefði mátt vera, og þess vegna mislukkast margt sem gjört er, að það var ekki nema hálfverk er stafað af efna skorti.

Maður þarf ekki lengi að leyta til að finna þess mörg dæmi að svona sé. Jeg skal t. d. benda á þetta sveitar félag, því þar álít eg þetta fljót fundið og því til sönnunar tek

Eg mer tvö dæmi er sýna þetta ljóslega. Hið fyrra eru fjárskoðanirnar, hið síðara fundarhúsið, og vil eg nú í fáum orðum minnast ofurlítið á hvort fyrir sig.

Það er nú öllum ljóst að fjárskoðanir hafa tíðkast nú hjá oss þessi síðari árin, þótt það hafi ekki verið af eigin hvötum, heldur mátt heita af þrælsótta við lögin. Það má því geta nærri hvernig þessar fjárskoðanir hafa verið af hendi leystar þegar þar sjórnvidal af þessu, enda er ekki annað hægt að segja ef maður vill tala af sanngirni, en að þær hafi verið hjegómarnir einir frá því fyrsta.

Nú eru til nokkrir menn á meðal vor, sem hafa haldið því fram að fjárskoðanir væru nauðsynlegar og framfara vor væri að þeim væri

þar gjörðar af fúsum og frjálsum vilja og einhverju til þeirra kostað svo að hægt væri að framkvæma þær sem best og heppilegast að þörf væri á. Menn þessir hafa barist fyrir þessu á opinberum fundum sveitarinnar, en engu áorkað, því hinir hafa alltaf verið fleiri, sem engu hafa viljað kosta til þeirra og jafnvel enga fjárskoðun hafa, þeir hafa orðið óðir og uppvægir hafi þeir heyrt hana nefnda og eg ímynda mér að þeir hefðu ekki orðið óðari þótt það hefði átt að flytja þá í útlegð til Síberíu. Þannig er það sparnaðarandinn sem spillt hefur þessu fyrirtæki, því eg get ekki hugsað mér að mennirnir séu svo nautheimskir, að þeir sjái eigi að þetta fyrirtæki hlýti að mega borga sig með tímanum. Nei bara að

láta eigi eyrir-inn þótt krónan sé í bodi fyrir hann, innan tilits Anna.

Um sídara dæmid, fundarhúsbygginguna, má segja nokkud hid sama. Þad eru ekki nema örfáir menn því hlyntir og þeir fá engu áorkad eda til leidar komid med þad, almenningur tímir ekki ad leggja fram fé til þess þótt hann kannist vid þörfina fyrir þad, hann vill heldur lemja hálf frosnum hælunum ofaní torfgólfid í Akra þinghúsinu alla fundardaga, sinnulaus og vitlaus af kulda, heldur en leggja fram einn einasta eyri til húsbyggingar eda umbóta á þessu húsi sem til er. Gott er ad spara, og gaman er ad skjálfa, en hvortveggja getur þó gengid fram úr hófi.

Gísli Björnsson

Ofn til upphitunar í Miklabæjarkirkju óskum vid sóknarmenn ad fá okkur sem fyrst, því þad er víst óhætt ad segja ad þad sé fullkominn heilsu spillir ad sitja í henni allann messu tímann á köldum vetrardegi og ég er viss um ad kirkjan er mikla ver sókt fyrir þad hvad hún er köld, því ég ímynda mér ad fleirum en mér finnist, ad þeir hafi minna gagn af því sem þar er flutt, ef þeir skjálfa allann messu tímann.

Fé fyrir ofninn væri nú sjálfsagt bezt ad kirkjan legdi til, en þó ættum vér ekki ad setja þad fyrir okkur þótt þad fengist ekki, heldur skjóta þá saman fé til ad kaupa hann fyrir, þad yrdi ekki mikid meira en einsárs þinggjald.

Gísli Björnsson

V.

# Hreppavegavinnan

Eins og öllum er kunnugt er að kalla má stórfé varið hér á landi til vegagjörða á hverju ári, og heyrist ekki annað en almenningur yfir höfuð að tala sé ánægður með það eins og líka víðast eðlilegt, þegar tekið er tillit til þess hve almennt menn hafa gagn af því. En það er með þetta fé eins og annað, að trygging þarf að vera fyrir því, að því sé varið skinsamlega, og eg hygg að hún sé vel viðunanleg, hvað fé það snertir er veitt er úr landssjóði og sama mun mega segja um sýslu vegasjóðs gjöldin, en allt annað virðist mér vera með fé það er hreppsvegasjóðir leggur fram til vegabóta, þar sé eg litla eða jafnvel enga tryggingu fyrir því að vegabóta féinu sé vel varið, enn ekki mun helfur hægt að búast við með því fyrirkomulagi sem hér er og skal eg nú leitast við að færa ástæður fyrir að svo sé.

Það er þá fyrst að minnast á hvað það virðist afar óheppilegt hvað unnið er á mörgum stöðum í hreppnum, slíkt getur aldrei orðið annað en gagnslítið eða gagnlaust kák, þegar um jafn lítið fé er að ræða, enda sýnir hreppsvegur um þetta sjálfur, því varla mun auðið að finna á honum ~~eða með öðrum orðum~~ neinn góðann eða með öðrum orðum beinann og vellagðan vegar spotta og ef menn ekki ferðast hálf blindir hljóta menn að sjá að þetta er satt og skal eg t. d.

benda á Flugumýrar brúna, ekki
af því að hún sé verst, heldur
af því að til hennar mun vera
búið að verja einna mestu fé
og þar af leiðandi ástæða til að
ætla að hún væri all góð, en
allir þeir sem um brúna fara
munu fljótt sjá, að hún er hvorki
vel lögð eða góð yfir ferðar. Sama
eða jafnvel verra hygg eg að
með réttu megi segja um
allann okkar hreppaveg, einlægir
krókar og gagnslítið kák og gott
ef að sumt sem kallað er vegabót
er ekki verra en ekki neitt.
En þar eð mér getur eigi dulist
að eitthvað verði að gjöra til þess
að tryggja almenningi, betri vexti
af því fé, sem varið er til hreppa
vegarins, á lít eg rétt að mestu
eða öllu væri á næst komandi

vori varið í einn góðann vegar
spotta og myndi þá fljótt sjást
hvort skoðanir mínar í þessu tilliti
væru gripnar úr lausu lopti eða
ekki. En von mín er sú
að ef við breitum til að fá að
minnsta kosti einið úr mikið
að hægt væri að hveða þor raddir
niður sem helst vilja láta hreppa
~~vega~~ gjaldið ganga í sýslu vegasjóð
sem eg ómögulega get fellt mig
við, vegna þess að eg sé að full
þörf er á góðum vegi á mörgum
stöðum í hreppunum, sem sýslu
vegasjóður ekki myndi leggja fé
til. En eins og eg er búinn
að taka fram á lít eg rétt að
verja sem mestu á einn stað því
þá myndi hægt að hafa hæfann
verkstjóra sem trúandi væri til

ad verja því fé vel, sem honum
væri fengid til umsjónar, og ætti
hann svo med samþykki hrepps-
nefndar ad hafa vald til þess ad
ráda verkamenn sjálfur og væri ekki
ólíklegt ad hægt væri ad fá menn
fyrir lægra kaup heldur enn nú
er ákvedid á daginn vid þessa
vinnu, sem í rauninni synist
of hátt, þegar þad er borid saman
vid kaup þad er hér er borgad ad
vorinu. Þad er því hér um bil
víst, ad hægt væri ad fá meiri og
betri vinnu, fyrir þetta fé ef breitt
væri til og þad er takmarkid, er
vid eigum ad keppa ad í þessu tilliti.
Og í þeirri von, ad fleiri verdi til
þess, ad láta í ljósi skodun sína
á þessu máli, læt eg hér stadar numid
þó margt fleira mætti um þad segja. Jóh. Jónsson

Ritgjörd þessi eptir Jóh. Jónsson
er ad mínu áliti ad flestu leiti
mjög gód og rétt, því þad er sannar-
lög hörmung ad vita til þess, ad
öllu því fé, sem búid er ad verja
til hreppaveganna skuli vera sama
sem á glæ kastad og er þad mest
fyrir þad einir og hann segir ad
adeins hefur verid litid gjört í
einu á hverjum stad og þeir og
adrir stadir fyrir vinnunni sem
ekkert vit hafa haft á verkinu
og þess vegna ekki getad lagt þad
vel af hendi; í þessum atridum
er eg höfundinum alveg samdóma
en aptur í ödrum atridum get eg
ekki fylgt honum ennsvel t. d.
þar sem hann álítur heppilegt
ad hveda nidur þær raddir sem

vilja leggja hreppavegagjaldið til
sýslu veganna, því ég sé alls ekki
svo mikið sem mæli á móti því
að slíkt væri gjört, eða að minnsta
kosti finnst mér það þess vert að
athuga það. Sýsluvegirnir eru þó
alla tíma aðalvegirnir, sem optast eru
farnir og þyrptu að vera í góðu lagi
en eru víða enn mjög illir yfirferðar
sýslugjöldin nóga há, þó eigi séu
þau hækkuð, en sem að líkindum
yrðu að hækka ef viðunanlega væri
lagt til sýsluveganna. Hreppavegirnir
verða heldur aldrei góðir hvað vel
sem gjört er við þá nema þeir
séu malbornir, en til þess þyrpti
hver hreppur að eiga verkfæri sem
til þess heyrir svo sem kerru og fl.
sem kosta tölu vert fé, en sem
sjálfsagt væri að kaupa ef verulegt

rækt væri lögð við hreppavegina
því slíkt myndi vel borga sig.
Enn fremur get ég ekki fellt
mig rétt vel við þá uppá stungu
höfundarins að gefa verkstjóra vald
til að ráða menn í hreppavega
vinnuna, þótt að vísu sumt mæli
með því, þá er það samt hægra
og léttara fyrir efnalitla að vinna
það gjald af sér heldur en borga
það út, en ég er samt skoðunar
í því að dagsverkið sé of hátt
metið í samanburði við aðra vinnu
En eins og Joh. segir er naudsyn
á að breita eitthvað til, í þessu
efni, en hvað heppilegast er skal
ég láta ósagt í þetta sinn, því
málið er afleitt hugsað og rétt enn
til þess að hægt sé að taka fasta
á hvorðum með það.

Gísli Björnsson

# Tvö smákvæði
## eptir stúlku.

### 1
### Þar uni eg best.

Best eg uni allar stundir
yndi þann og hvergi meira
þar sem gegnum gróðrarsvörðnum
grasið vefur hlíðargeira
Þar sem háir hamradrangar
horfa þöglir fram í dalinn
þar sem lindin ljúfa niðar
lagt í svölum skugga falin.
Grannar birkihríslur hneigja
höfuð sín í vestanblænum
þar eg uni opt á kvöldin
ein í friði langt frá bænum.
Þar er kyrð og þar er næði
þar er gott að hvíla og dreyma
eins og blátær elfar straumur
augnablikin fram hjá streyma.

Glöggt eg skil hvað golan segir
góð og hæg um enni hún strýkur:
Eins og vorsins ungar deyja
einnig sárum raunum lýkur
Hlýddu vorsins hlýja rómi
harmanum þínum reyndu að gleyma
Líður blærinn lindin streymir
ljúft er þar að vaka og dreyma.

### 2
### Sumarblær.

Hvað syngur þú léttfleygi sumarblær
Hvað sástu á bak við fjöllin?
„Þar dynur við ströndina dökkblár sær
með drifhvítum faldi eins og mjöllin"
„Eg flaug yfir bárunnar hingað heim
því hér finnst mér langbest að vera
svo geng eg í leikinn með geislum þeim
sem gleði og fögnuð þér bera.
Ó, segðu mér ljúfasti sumarblær
um sjóinn og fjallendið háa!
Eg elska vorið, en vonin mín er þar

hún villtist í geiminum bláa.

## 3. Kvöldkyrrð.

Það líður á daginn loptið er svalt
léttir skuggar við klettana standa
vindurinn þorir varla að anda
kyrrðin byggir við barm sinn allt.
Um suðurlopt grúfa gráföl ský
glampar í vestrinu fölna og dvína
sem kemur vor nóttin hljóð og hlý
á hjúp hennar daggperlur blikandi skína.

Eg þrái að vaka í vornætur frið
sem vakti eg áður á bernskudögum
þá hlýddi eg æskunnar álfasögum
og undi hugljúfa drauma við;
þá óskaði eg að endaði skjótt
sá inndæli sorglausi vorar draumur
eg þráði daginn en þekkti ekki kvöld
en þangað líður hver æfi straumur.

Svo friðsælt er kvöldið og kyrðin svo djúp
að hörðinn og efinn í brjósti mér sofna
skuggarnir lækka skýin rofna
það skín gegnum anda míns sorgar hjúp
mér finnst eg ei ein þótt allt sé hljótt
og enginn vinur við hlið mér standi.—
Hvort er það skuggi þinn umliðna tíð
eða ókomna tímans vorbjartur andi?

## Kvæði þessi eru prentuð

í 11 tölublaði „Framsóknar“
þessa árs, en af því svo fáir
lesa hana hér um slóðir
þótti mér rétt að láta „Viljann“
flytja þau, því lítum er á
svona góðum kvæðum, ekki
síst eptir kvennmann, þær
hafa sjaldan svo mikið
yfir af slíku. Það þykir
nú efalaust fátæklegt að tína
saman í „Viljann“ er áður um blöðum
en eg get nú ekki séð neitt
á móti því, ef það er á

annad bord gott og lesendum
„Viljans“ ókunn ugt.
Jóh. Jónsson.

Fljóttu þér nú að fara af stað
frjáls lyndi Viljinn minn
(þunnt á vangann er þetta blað
það sjálfur vel og finn)
Bið þú alla um burnir og spað
blessaðir auminginn.

Berðu kæra kveðju mín
hvar sem nær spranga
Greið og þér sé gata þín
gegnum lífið stranga

——//——//——